

Ágæta starfsfólk Vináttuleikskóla

Vonandi gengur starfið með Vináttu vel í skólanum ykkar. Nú eru um 100 leikskólar þátttakendur í Vináttu og fer þeim sífellt fjölgandi. [Hér](#) má sjá hvaða sveitarfélög og leikskólar nota Vináttu í sínu starfi.

Síðastliðið haust hófst tilraunavinna með efni fyrir grunnskóla í 15 grunnskólum í sjö sveitarfélögum.

Stefnt er að því að bjóða öllum grunnskólum efnið haustið 2018. Jafnframt er þá stefnt að því að bjóða upp á efni fyrir 0–3ja ára börn.



Við eigum margar sögur frá kennurum af áhrifamætti efnisins og trúum því að með þátttöku sem flestra skóla í Vináttu séu lögð lóð á vogaskálar betra samfélags þar sem búa börn með sterka sjálfsmýnd, þar sem ekki er einelti eða útilokun og þar sem börnum er gert kleift að koma með reisu út úr erfiðum aðstæðum.

Við viljum vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

- **Ráðstefna um Vináttu þann 13. mars 2018 – takið daginn frá.**

Ráðstefnan verður haldin á Grand hótél, Reykjavík. Þar verða fræðsluerindi og vinnustofur. Meðal fyrirlesara verður Dr. Dorte Marie Søndergaard prófessor í Aarhus háskóla og fyrrum stjórnarformður eXbus rannsóknarstofnunarinnar (Exploring bullying in schools). Við teljum gríðarlega mikilvægt að ráðstefnan verði hagnýt fyrir ykkur og því hvetjum við ykkur til að senda inn tillögur að umræðuefni og eiga þátt í að móta ráðstefnuna.

- Nýtt netfang: Héðan í frá fara allar upplýsingar til skóla, skáningar á námskeið og móttaka á pöntunum í gegnum netfangið [vinatta@barnaheill.is](mailto:vinatta@barnaheill.is).
- Tveggja tíma námskeið: Nú er í boði tveggja tíma námskeið fyrir skóla sem nú þegar hafa sent starfsfólk á námskeið og eru með efnið. Um er að ræða fræðslu, svipaða og er á námskeiðum og hægt að koma með fræðsluna á starfsdaga í leikskólum. Hafið samband við [vinatta@barnaheill.is](mailto:vinatta@barnaheill.is) ef áhugi er fyrir því.
- Tónlistarnámskeið: Birte Harksen heldur reglulega tónlistarnámskeið um Vináttu-tónlistina í húsnæði Barnaheilla að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík. Tölvupóstur er sendur til

skóla fyrir hvert námskeið svo kennarar geti skráð sig. Einnig er í boði að fá Birte í leikskólana með tveggja eða þriggja tíma námskeið. Ef áhugi er á slíku, hafðið þá samband við [vinatta@barnaheill.is](mailto:vinatta@barnaheill.is)

- Næsta tónlistarnámskeið verður þann 9. febrúar að Háaleitisbraut 13, 4. hæð. Skráning er hafin. Skráningarblað finnið þið [hér](#).
- Við viljum minna á Facebook-hópana okkar; *Vinátta fyrir leikskóla* og *Vinátta fyrir grunnskóla*. Þetta eru lokaðir hópar einungis fyrir þá sem eru að vinna með Vinátta. Við viljum hvetja ykkur til að setja inn efni á þessar síður, deila með öðrum því sem þið eruð að gera og koma með fyrirspurnir ef ykkur vantar aðstoð.
- Næsta Vináttunámskeið verður þriðjudaginn 16. janúar og er skráning hafin á námskeiðið. [Hér](#) má finna skráningarblað.
- Blær í jólaskapi: Hér má hlaða niður myndum af Blæ í jólaundirbúningi: <http://freeofbullying.com/download/CHRISTMAS-MATERIALS>
- Allar ábendingar og fyrirspurnir um Vinátta eru vel þegnar og vinsamlegast hafið samband í gegnum netfangið [vinatta@barnaheill.is](mailto:vinatta@barnaheill.is)

**Að lokum viljum við biðja ykkur að senda okkur upplýsingar um verkefnastjóra Vinátta í skólanum ykkar, nafn og netfang.**

Megi ykkur líða sem allra best á aðventunni og um jólin. Vinsamlega áframsendu á aðra starfsmenn.

Vináttukveðja, Margrét Júlía og Linda Hrönn

